

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. nóvember 2018.

Staður: Félagsheimili Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar.

Hófst kl. 17.15 og lauk kl. 18.45.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson, Sveinn Sigurbergsson, Ingvar Kristinsson, Hörður Þorsteinsson og Þórunn Ansnes. Forföll: Jóhann Óskar Borgþórsson. Gestir: Ferdínand Hansen, Karl Georg Klein og Þröstur Erlingsson.

Dagskrá:

1. Fundur með íþróttafélögum Firði, SH og SÍH

Formenn Íþróttafélagsins Fjarðar, Sundfélags Hafnarfjarðar og Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar ræddu við stjórn ÍBH um starfið í félögunum.

2. Bréf frá ÍSÍ 19. október 2018. Þátttaka í ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála

Lagt fram til kynningar og umræðna. Á 73. Íþróttþingi vorið 2017 var samþykkt tillaga að framkvæmdastjórn ÍSÍ héldi ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála með aðkomu UMFÍ, samtökum íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins auk ÍSÍ, ráðstefnan fer fram 16. nóvember nk., fyrirkomulag ráðstefnunnar verður blanda af þjóðfundi og borgarafundi. Samþykkt að formaður ÍBH Hrafnkell Marinósson og framkvæmdastjóri ÍBH Elísabet Ólafsdóttir taki þátt í ráðstefnunni fyrir hönd ÍBH.

3. Formannafundur ÍSÍ 16. nóvember nk.

Verður haldinn í beinu framhaldi af ráðstefnunni um framtíðarskipulag íþróttamála. Upplýsingar um fundinn lagðar fram til kynningar. Formaður og framkvæmdastjóri ÍBH taka þátt í fundinum.

4. Styrkir hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt fram til kynningar, auglýst er eftir umsóknum um stofnstyrki til íþrótt- og æskulýðsmála. Veittir eru styrkir til mannvirkja á sviði íþrótt- og æskulýðsmála um er að ræða stofnstyrki til að styðja við uppbyggingu, endurnýjun og viðhald íþróttamannvirkja og mannvirkja fyrir æskulýðsstarfsemi í samstarfi við sveitarfélög og fleiri aðila. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2018. Heildarframlag ársins 2019 er kr. 70.000.000. Upplýsingar sendar á aðildarfélög ÍBH í októbermánuði.

5. Drög að verklagsreglum vegna Óháðs fagráðs í Hafnarfirði

Drög frá 31. október sl. lögð fram til kynningar og umræðna. Samþykkt að vísa drögunum til viðbragðsteymis ÍBH til frekari úrvinnslu.

6. Stefnunótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum

Um er að ræða stefnu sem á að gilda frá 2019 – 2030, en hún verður metin árið 2024. Lögð fram til kynningar.

7. Fjárhagsáætlun ÍBH 2019

Lögð fram til kynningar.

8. Fjárhagsáætlun Afreksmannasjóðs ÍBH 2019

Lögð fram til kynningar. Hagræðingar sem voru gerðar á úthlutun sjóðsins milli ára 2017 og 2018 eru að virka. Á árinu 2018 hefur úthlutun ferðastyrkja aukist frá árinu áður, því er óskað eftir hækkun í þann lið frá Hafnarfjarðarbæ um kr. 500.000 fyrir árið 2019.

9. Önnur mál

a). IK kynnti nefnd á vegum stjórnar ÍBH um fjármögnun íþróttafélaga.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.